



# Pési

ATH!! Næsti Pési kemur út í nóv. Efni þarf að berast í síðasta lagi 5.nóv



Frá Bókasafni Hrunamanna



Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21  
Þriðjudaga Kl. 16-18  
Miðvikudaga Kl. 16-18  
Fimmtudaga Kl. 16-18



Inn á slóðunum <http://leitir.is> og [www.gegdir.is](http://www.gegdir.is), nánar tiltekið inná „*Mínum síðum*“ er hægt að sjá skiladag, framlengja lánun og fleira.

Alltaf er hægt að skila safngögnum í gegnum skilalúguna.

Verið hjartanlega velkomin ☺


Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  Facebook



## Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00



## Tækjasalur í Íþróttahúsi. Opnunartími

Mánudaga til fimmtudaga 16.00-21:30, föstudaga: 13:00-18:00

Tækjasalur er opinn um helgar þegar mót eru í húsinu:

Fylgist með á facebook!



*Hjónaball 2018 verður haldið þann 3 mars, takið daginn frá.*



okt 2017  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson  
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -  
svanhildur@fludir.is

27. árgangur.  
319.tölublað.  
pesi@fludir.is.  
Sími. 480 6600

## Sveitarstjórapistill

Októbermánuður heilsar okkur með svipuðum hætti og á síðasta ári með afar fallegu og mildu hausveðri. Bæði hefur verið hlýtt og síðan hafa vindar verið mildir þannig að haustlaufin hafa ekki fallið af trjám svo nokkru nemi. Litadýrðin er því stórkostleg þessa dagana.

Væntanlega gleður slík haustblíða alla ræktendur í sveitarfélaginu. Síðan hefur þetta áferði skemmtilegar aukaverkanir. Gæsin og álftin virðist vart nenna að koma ofan af fjöllum til að gæða sér á korninu. Væntanlega sakna kornbændur hennar þó ekki þó gæsaskyttunnar geri það. Þá var féð á Hrunamannafrétti frekar latt við að færa sig niður enda gróður þar greinilega í góðu standi. Við getum reyndar verið stolt af því hvernig Hrunamannafréttur er að gróa upp en þar spilar inn í landgræðsla, hófleg beit og gott veðurfar síðustu ár. Væntanlega hefur sjaldan verið færra fé á fjalli en í sumar eða á að giska 4500 hausar. Eflaust megum við hafa okkur öll við að halda uppi fjallferðum og réttum í framtíðinni en ég vona innlega að þessari fjallamenning okkur haldi velli.

Að venju er októbermánuður annasamasti tími ársins hjá sveitarstjórnarfólki og er reyndar alveg undirlagður í ýmsum fundum og ráðstefnum. Þetta er fylgífiskur þess að verið er að undirbúa fjárhagsáætlun fyrir næstu 4 ár. Ljóst er að almennt er rekstur sveitarfélaga að batna og er okkar sveitarfélag enginn undartekning í því. Hins vegar er það alltaf spurning um hvort rétt sé gefið því okkur finnst að góðarið renni meira til ríkisins en sveitarfélagana og einnig að tekjur og uppbygging sitji frekar eftir á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni.

Nú er vinna við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins að fara á fullt skrið og vinna við hana komin af stað. Um næstu mánaðarmót kemur betur í ljós hvernig þetta lítur út hjá okkur og alltaf er forvitnilegt að sjá hvaða getu við höfum til framkvæmda. Það er ljóst að ýmis áform eru uppi um fjárfestingar í sveitarfélaginu og ef þær ganga allar eftir er ljóst að sveitarfélagið þarf að fylgja eftir í sínum framkvæmdum. Á það sérstaklega við um framkvæmdir í fráveitu en við þurfum að gefa töluvert mikið í í þeim málaflokki á Flúðum. Þá liggur fyrir að ljósleiðarverkefni Hrunaljóss mun verða aðalverkefni sveitarfélagsins á næsta ári þó við getum vonandi gert það verkefni að einhverju leyti fjárhagslega sjálfbært þannig að aðrar framkvæmdir sitji ekki á hakanum.

Síðan þarf að taka ákvaðandir um gjaldskrármál. Enn og aftur er að verða gríðarlegur kostnaðarauki af úrgangsmálum.

T.d. liggur fyrir að okkur sýnist að sorpmagn og kostnaður frá síðasta ári hafi aukist um allt að 25% sem er svipuð auking og í fyrra en trúlega liggur aðalaukningin í fyrirtækja- og framkvæmdaúrgangi. Það bendir til þess að við neyðumst til að hækka gjaldskrár í úrgangsmálum verulega og þá sérstaklega hjá þeim sem eru að skila af sér mesta magninu. Vonandi getum við á hinn bóginn horft til að halda öðrum gjaldskrármálum í hóflegu horfi.

Hvað varðar ljósleiðarann þá er það að segja að útboð hefur farið fram um jarðvinnu og buðu þrír aðilar í verkið. Göfutækni bauð best og ljóst er því að heimamenn munu fá það verkefni að leggja ljósleiðara í sveitarfélaginu. Vonandi getum við farið af stað með það í októbermánuði en búið er að panta efni í verkið auk þess sem verið er að gera „gömlu símstöðina“ í félagsheimilinu klára í að vera miðja fyrir tækjabúnað Hrunaljóss.

Það er einnig gaman að horfa út um gluggann hjá sér þessa dagana en núna er verið að taka grunn fyrir miklu húsi sem Guðmundur á Sóleyjarbakka er að byggja við hlið félagsheimilisins. Vonandi verður sú bygging og fleiri sem eru að rísa í sveitarfélaginu til að slá á þann íbúða

skort sem hefur verið í sveitarfélaginu. Við þurfum á fleiri íbúðum að halda og einnig verður spennandi að sjá hvort ekki kemur spennandi atvinnustarfssemi í húsið við félagsheimilið en það er klárlega tækifæri fyrir ýmsa.

Í síðustu viku lauk almannavarnarviku í sveitarfélaginu sem Alamannavarnir Árnæssýslu og lögreglustjórnin á Suðurlandi stóðu að með sveitarfélaginu. Ég var mjög ánægður með hvernig til tókst en þessi málaflökkur er mjög mikilvægur og nauðsynlegt að vera tilbúinn ef og þegar verða atburðir sem snerta okkur, hvort sem er um að ræða hefðbundar náttúruhamfarir eða hamfarir af mannavöldum. Þá var einnig gaman af opnu húsi sem Brunavarnir Árnæssýslu voru með í Slökkvistöðinni á Flúðum. Tilefnið var m.a. að nú er bæði kominn nýr tankbíll og dælubíll á Flúðir. Við erum ríkir að því leiti að hér eru margir heimamenn tilbúnir til að vera í slökkviliðinu og það er einnig ljóst að það var gæfuspor að sameinast Brunavörnum Árnæssýslu á sínum tíma.

Sveitarfélagið og félag eldri Hrunamanna hafa gert með sér samstarfssamning þannig að nú er fyrirkomulagið þannig að sveitarfélagið greiðir fastan rekstarstyrk til félagsins auk þess að leggja fram húsnæði til tótmundastarfs. Það er síðan í höndum félagsins að ráðstafa þessum styrk til tótmundastarfs eldri borgara og verður spennandi að sjá hvort þetta leiðir ekki til enn fjölbreyttara tótmundastarfs hjá þessum hópi.

Ég vil að lokum hvetja alla til að nýta sér þá þjónustu sem sveitarfélagið býður upp á í stofnunum sínum og þeirra félagasamtaka sem eru með starfssemi í sveitarfélaginu. Munum að maður er manns gaman nema hann sé óskaplega leiðinilegur !!

Höfum það gott og njótum haustins saman fram.

Jón G. Valgeirsson

## Karlasport

Mánudaginn 2.október hefst 10 vikna námskeið fyrir karla á öllum aldri. Karlasportið verður 2svar sinnum í viku í íþróttahúsinu á Flúðum. Námskeiðið verður byggt upp þannig að á mánudögum verður unnið með alhliða æfingar, teygju-, styrktar- og þrekæfingar. Á miðvikudögum verður meira verið í körfuboltaæfingum og spili. Rétt er að taka fram að þessar æfingar eru ekki að taka tíma af þeim old-boys æfingum sem eru í gangi nú þegar, salnum verður einfaldlega skipt í tvennt og áfram boðið upp á old-boys æfingarnar eins og verið hefur.

Kostnaður við karlasportið er 16.000 krónur.

Æfingatímar: Mánudagar 20:00-21:00 og miðvikudagar 19:40-20:40.

Margrét Guðmundsdóttir sér um þjálfunina á námskeiðinu og tekur hún við skráningum á netfangið [margretg@fludaskoli.is](mailto:margretg@fludaskoli.is) ásamt því að svara spurningum um karlasportið.



**Bíla- og  
smáflutningar  
8917772**

**80**  
**STAÐIR**  
UM LAND ALLT

**E** **EIMSKIP**  
Flytjandi



## ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

**E** **EIMSKIP**  
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is



Sími 899-2910 [www.pizzavagninn.is](http://www.pizzavagninn.is)



Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
5. okt	6. okt <b>Árnes</b> 18:00-20:30	7. okt <b>Reykholt</b> 18-21
12. okt <b>Laugarvatn</b> 18:00-20:30	13. okt <b>Flúðir</b> 18-21	14. okt <b>Lokað í dag</b>
19. nóv okt	20. okt <b>Brautarholt</b> 18:00-20:30	21. okt <b>Reykholt</b> 18-21
25. okt ATH miðvikudagur <b>Laugarvatn</b> 18:00-20:30	27. okt <b>Flúðir</b> 18-21	28. okt <b>Borg</b> 18:00-20:30
2. nóv	3. nóv <b>Árnes</b> 18:00-20:30	4. nóv <b>Reykholt</b> 18-21



Sími 899-2910 [www.pizzavagninn.is](http://www.pizzavagninn.is)



Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
2. nóv	3. nóv <b>Árnes</b> 18:00-20:30	4. nóv <b>Reykholt</b> 18-21
9. nóv <b>Laugarvatn</b> 18:00-20:30	10. nóv <b>Flúðir</b> 18-21	11. nóv <b>Lokað í dag</b>
16. nóv	17. nóv <b>Brautarholt</b> 18:00-20:30	18. nóv <b>Reykholt</b> 18-21
23. nóv <b>Lokað í dag</b>	24. nóv <b>Lokað í dag</b>	25. nóv <b>Lokað í dag</b>
30. nóv	1. des <b>Árnes</b> 18:00-20:30	2. des <b>Reykholt</b> 18-21



**Samkaup** strax

Flúðum

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 09:00–19:00

Laugardaga: 10:00–19:00

Sunnudaga: 11:00–18:00

Sími: 486 6633



**Fjallaraf**  
sími 662 0530

**Hjörleifur Ólafsson**  
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is



**TAXI á svæðinu sem mun þjónusta**  
Grímsnesið, Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Skeiða  
og Gnúpverjahr.

**Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum eftir  
bestu getu.**

**TAXI DRIVER**

**Sími: 7760810 & 7831224**

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN  
**fontana**  
Hölsulind frá landnámi

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar  
í Laugarási **432-2770.**  
Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi 432-2000

VIOLA snyrtistofa  
Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –

Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tím pantanir í Síma 856-1599



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

*Skrifstofa Hrunamannahrepps.*

*Opnunartími .*

*Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00*

*Föstudaga: 09:00-12:00*



**Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!**

**Er mætt aftur til starfa og verð við eftir samkomulagi.  
(Félagar í Félagi eldri Hrunamanna fá afslátt (5.500))**

**Tím pantanir í síma: 863 0433**

**Allir velkomnir**

Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Menningarklasi uppveita Árnessýslu

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

[www.upplit.is](http://www.upplit.is) –allir velkomnir



## Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna  
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



### Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík  
Sími 533-2211 - [www.nesfrakt.is](http://www.nesfrakt.is)  
Beint samband í flutningabil 773-1626

# Nesfrakt

## Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: [vondull@simnet.is](mailto:vondull@simnet.is)

## Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

[graennaland@simnet.is](mailto:graennaland@simnet.is)



# RAFMAGNSVERKSTÆÐI JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:  
ALLA ALMENNA  
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU  
OG HÖNNUN  
RAFLAGNA

SMÆRRI JAFNT SEM  
STÆRRI VERKEFNI.

JENS PÉTUR JÓHANSSON  
893-7101  
RAFJENS@EYJAR.IS

RÓBERT EINAR JENSSON  
899-9554  
ROBBIRAF@SIMNET.IS



Frá opnun Framers bistro þann 7.sept.





## KAFFI-SEL RESTAURANT AND PIZZERIA

Closed from 1. October  
Lokað frá og með 1. október

Hægt er að bóka fyrir hópa (10 manns eða fleiri) með því að senda póst á netfangið [pantanir@kaffisel.is](mailto:pantanir@kaffisel.is)

Jólahlaðborðið okkar verður dagana 24. og 25. nóvember og 1. og 2. desember. Sjá nánar á Facebook síðu okkar. Bókanir í síma 846-9321 / 661-5935 og á netfangið [pantanir@kaffisel.is](mailto:pantanir@kaffisel.is)

Efra-Sel, 3 km. from Fludir / 3 km. frá Flúðum

<http://kaffisel.is>

Facebook: kaffisel





# Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjapjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.



Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi  
í síma 4-800-900 eða á [slökkvitaeki@babubabu.is](mailto:slökkvitaeki@babubabu.is)

## Nudd - Massage

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Bergholti - Kistuholti 3, Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir og nánari upplýsingar má finna á facebook síðunni minni: NG ehf



<https://www.facebook.com/NGBowenognudd/>

og í síma 8976944.

Nils G. – Bowentæknir og nuddari.

Now you can get full body massage and Bowen technic treatment in Bergholt - Kistuholti 3, Reykholt. You can find online booking and more information on my facebook page: NG ehf <https://www.facebook.com/NGBowenognudd/>

Nils G. tel: 8976944

[nilsgudjon@gmail.com](mailto:nilsgudjon@gmail.com)



## HRUNAPRESTAKALL

### Aðeins af messusókn

Stundum er talað um að kirkjusókn sé dræm og oft er ég spurður að því hvort nokkur nenni orðið að mæta í messu. Margir gefa sér að kirkjur séu hálfótómar flesta sunnudaga og gjarnan fylgja nokkur vel valin orð um það hve kirkjan sé gamaldags, úrelt stofnun og fremur leiðinleg. Oftast eru þessi sjónamið byggð á vanþekkingu. Auðvitað er það svo að messusókn er misjöfn og hún er líka misgóð eftir kirkjum. Áður en lengra er haldið er rétt að ítreka að gæði kirkjustarfs verða ekki eingöngu mæld í kirkjusókn en góð kirkjusókn ætti þó að gefa vísbendingu um að kirkjan sé samferða sóknarbörnum sínum. Að ná eyrum fólks hlýtur einnig að vera eitt megin viðfangsefni kirkjunnar. Þess vegna er vert að gefa kirkjusókninni gaum. Kirkjan má aldrei láta það eftir sér að segja að kirkjusóknin skipti engu máli.


Við hér í Hrunaprestakalli megum vera glöð með góða messusókn. Þegar horft er á hlutfallstölur út frá fjölda sóknarbarna tala staðreyndir sínu máli. Í uppskerumessu í Hrunakirkju í september sl. mættu 95 manns sem jafngildir því að 1192 mundu mæta í messu í Dómkirkjuna í Reykjavík. Fastur liður er að kveðja gamla árið með messu í Stóra-Núpskirkju en þar voru mættir 45 kirkjugestir um síðustu áramót sem er eins og að 1776 kæmu í messu í Neskirkju vestur í bæ. Í nýársmessu í byrjun þessa árs mættu 55 í Hrepphóllakirkju og ég er viss um að ef sama hlutfall sóknarbarna mundi mæta í svoleiðis messu í Hallgrímskirkju á Skólavörðuholti þá þættu það stórtíðindi enda væru þar þá saman komin 3207 manns! Fastur liður er að enda barnastarfið í okkar prestakalli og fagna sumri með fjölskyldumessu í Ólafsvallakirkju en þangað komu síðast 60 manns og það er ég viss um að eitthvað myndi nú heyrast af því ef 4254 (sem er sama hlutfall messugesta) væru mættir í messu í Grafarvogskirkju.

En svo koma auðvitað inn á milli sunnudagar þar sem heldur færri koma í kirkju í okkar prestakalli, td þegar það mættu 12 í messu í janúar í Ólafsvallakirkju. En þá er enn hollt að skoða stærra samhengið. Það er eins og að 523 mundu mæta í messu í Árbæjarkirkju í Reykjavík sem mig grunar að yrði talin með fjölmennari messum þar á bæ. Þá held ég að það myndi kallast afbragðsmessusókn í Hafnarfjarðarkirkju ef þangað mættu 268 manns en það er sama hlutfall og var hjá okkur í Hrunakirkju í messu í febrúar þar sem mættu 21 – og við sem að kirkjustarfinu stöndum vorum hreint ekkert sáttt með þá messusókn!

Við höfum því ástæðu til að fagna og þakka fyrir góða messusókn í okkar prestakalli. Talað orð, falletur söngur, vinafundur, nánd, kyrrð, upplifun, styrkur – og oft bullandi gleði; þetta allt og svo margt fleira getum við sótt í guðshúsin okkar.

Sjáumst í kirkjunni!

*Óskar Hafsteinn Óskarsson*



Kjartan Þorkelsson lögreglustjóri á Suðurlandi var með erindi á íbúafundi um almannavarnir í Félagsheimilinu þann 28. sept



Tveir kampakátir á opnu húsi slökkvistöðvarinnar þann 28. september



Malbikunarframkvæmdir í Akurgerði



Þessi mætti að sjálfsögðu upþáklæddur á opið hús í slökkvistöðinni



## Þrjónakvöld

Þrjónakvöld öll  
mánudagskvöld kl 20:00 í



Félagsheimilinu  
félagsmiðstöðinni Zero.

Allir velkomnir

Komið af fjalli og réttir  
framundan





## Fréttir af íþróttastarfinu...

### Mikil aðsókn í íþróttastarfið – sprenging í fimleikum

Það er gaman að segja frá því að mikil aðsókn er í íþróttastarf UMFH og er talsvert um að iðkendur í næstu sveitum sækja æfingar til okkar. Sérstaklega hefur skráningin verið mikil í fimleikastarfið og hefur verið brugðið á það ráð að tvískipta þeim hópi og vera með á tveimur æfingum. Þessi aðsókn er auðvitað mjög ánægjuleg og staðfestir það hversu öflugt íþróttastarfið okkar er orðið. Það er enn hægt að skrá sig í íþróttastarfið hjá UMFH og minnum við alla á að gera það með því að senda póst á [umfhrun@gmail.com](mailto:umfhrun@gmail.com).

### Byrjendaæfingar í blaki á þriðjudögum í október.

UMFH mun bjóða upp á byrjendaæfingar í blaki fyrir karla og konur á öllum aldri. Æfingarnar fara fram á þriðjudagskvöldum kl. 20.30-21.45. Námskeiðið hefst 3.október (en vel hægt að mæta eftir það) og alls verða kennd 5 skipti. Mikill uppgangur hefur verið í fullorðinsblaki á síðustu árum á Íslandi enda hentar blak breiðum hópi iðkenda. Það er þó hægara sagt en gert að hefja æfingar með hópi sem hefur æft í nokkur ár og því byrjendablakið góður grunnur áður en lengra er haldið.

Námskeiðið kostar 2500 krónur og leiðbeinandi á námskeiðinu er Árni Þór Hilmarsson. Tekið er við skráningum á netfangið [umfhrun@gmail.com](mailto:umfhrun@gmail.com).

### Karlasport

Mánudaginn 2.október hefst 10 vikna námskeið fyrir karla á öllum aldri. Karlasportið verður 2svar sinnum í viku í íþróttahúsinu á Flúðum. Námskeiðið verður byggt upp þannig að á mánudögum verður unnið með alhliða æfingar, teygju-, styrktar- og þrekæfingar. Á miðvikudögum verður meira verið í körfuboltaæfingum og spili. Rétt er að taka fram að þessar æfingar eru ekki að taka tíma af þeim old-boys æfingum sem eru í gangi nú þegar, salnum verður einfaldlega skipt í tvennt og áfram boðið upp á old-boys æfingarnar eins og verið hefur.

Kostnaður við karlasportið er 16.000 krónur.

Æfingatímar: Mánudagar 20:00-21:00 og miðvikudagar 19:40-20:40.

Margrét Guðmundsdóttir sér um þjálfunina á námskeiðinu og tekur hún við skráningum á netfangið [margretg@fludaskoli.is](mailto:margretg@fludaskoli.is) ásamt því að svara spurningum um karlasportið.

### Unglingalandsmót á Egilsstöðum

Myndarlegur hópur Hrunamanna mætti til leiks á unglíngalandsmót sem þetta árið fór fram á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina. Þrettán félagsmenn UMFH tóku þátt í frjálsíþróttakeppninni og þar ber helst að nefna þátttöku Hauks Arnarssonar en hann vann til fimm verðlauna á mótinu. Einnig unnu Hrunamenn til verðlauna í boðhlaupskeppnum. Þau Una Bóel Jónsdóttir og Máni Snær Benediktsson voru öflug á frjálsíþróttavellinum en þau gerðu það einnig gott með sínum liðum þar sem þau tóku bæði þátt í knattspyrnu og körfuknattleik.

Um verslunarmannahelgina 2018 mun mótið fara fram í Þórlákshöfn og lag fyrir okkar félagsmenn að fjölmenna á þennan skemmtilega viðburð sem ætlaður er allri fjölskyldunni.

### Óskilamunir í íþróttahúsi og sundlaug!!

Í íþróttahúsinu og sundlauginni er heilmikið af óskilamunum frá sl. vetri. Við hvetjum fólk til þess að athuga hvort að þeirra flikur gætu leynst hjá okkur. Á næstu vikum munum við senda fötin á góðan stað komi enginn að vitja þeirra.

### Vatnsleikfimi í sundlauginni á Flúðum fyrir eldri borgara.

Mánudaga kl. 15.20 og fimmtudaga kl. 14.30

Kenngari er Árni Þór Hilmarsson

## **Meistarmót 15-22 ára fór fram á Laugardalsvelli um helgina (26.-27. ágúst).**

Fyrir Hrunamenn kepptu Máni Snær Benediktsson og Ragnheiður Guðjónsdóttir og gerðu þau bæði góða hluti. Máni Snær varð tvöfaldur íslandsmeistari. Hann var í sigursveit HSK/SELFOSS í 4x100m boðhlaupi og kom fyrstur í mark í 3000m hlaupi á glæsilegu mótsmeti og nýju HSK meti í flokki 15 ára pilta 9:55,49.

Ragnheiður Guðjónsdóttir stóð sig vel í erfiðri keppni í 16-17 ára flokknum. Hún er á yngra ári svo hún þurfti að glíma bæði við stúlkur á sama aldri og sér eldri. Þrátt fyrir þetta náði hún á verðlaunapallinn í sleggjukasti þar sem hún stórbætti sinni persónulega árangur.

Lið HSK/SELFOSS varð í öðru sæti í samanlagðri stigakeppni mótsins en unnu, að sjálfsgöðu, 15 ára flokk pilta.

## **Perla María lék 6 landsleiki í sumar – fjölmargir iðkendur tóku þátt í úrvals- og afreksbúðum KKI.**

Perla María Karlsdóttir var valinn í 18 manna hóp U-15 ára stúlknalandsliðs kvenna í körfuknattleik og tók þátt í tveimur verkefnum liðsins í sumar. Það fyrra var boðsmótið Copenhagen Invitational en það mót fór fram, eins og gefur kannski auga leið, í Kaupmannahöfn. Þar tefldi íslenska liðið fram tveimur liðum, en slíkt hefur ekki verið reynt áður. Síðara verkefnið voru æfingaleikir gegn írsku stúlknalandsliðinu en liðin áttust við á Flúðum og í Grindavík, íslensku liðin unnu 1 leik í 4 viðureignum. Eins og fyrr segir var spilað á Flúðum og eru það fyrstu körfuboltalandsleikir sem hafa farið fram hér í sveit og afar ánægjulegt að fá viðburð á borð við þennan í okkar glæsilega mannvirki. Perla María náði reyndar aðeins að spila leikinn á Flúðum en hélt að honum loknum í skólaferðalag til Danmerkur með bekkjarfélögum sínum í 10. bekk Flúðaskóla. Perla María stóð sig vel á heimavelli, skoraði 5 stig, tók 2 fráköst og varði 2 skot. Þjálfari u-15 ára stúlknalandsliðsins er Árni Þór Hilmarsson og aðstoðarþjálfari hans er Heiðrún Kristmundsdóttir.

Um 25 iðkendur UMFH voru boðaðir í annars vegar úrvalsbúðir og hins vegar afreksbúðir KKI í sumar. Þessar búðir eru undanfari yngri landsliða þar sem efnilegum krökkum af öllu landinu er boðið að æfa undir stjórn landsliðsþjálfara og – leikmanna. Úrvalsbúðir eru fyrir iðkendur á aldrinum 11-13 ára en afreksbúðir fyrir þá sem eru 14 ára á árinu.

## **Yngstu iðkendur í fótboltnum fór á mót 25.-26. ágúst**

Í tengslum við hátíðina „Í túninu heima“ í Mosfellsbæ stóð Afturelding fyrir knattspyrnumóti fyrir yngstu iðkendum. Að þessu sinni var farið á mót í samstarfi við Laugdæli og Bisk, en félögin voru í samstarfi sl. sumar í fótboltnum. Liðin okkar á mótinu stóðu sig glæsilega og skoruðu mörg glæsismörk. Við minnum á að í vetur eru knattspyrnuæfingar á miðvikudögum fyrir 3.-6. bekk kl. 17.40-18.40 og fyrir 7.-10. bekk kl. 18.40-19.40.

## **60 iðkendur í körfuboltabúðum í júlí.**

Um miðjan júlí héldu Hrunamenn sínar árlegu körfuboltabúðir og nú voru búðirnar þær fjölmennustu frá upphafi. Um 60 iðkendur mættu á Flúðir og nutu leiðsagnar öflugra þjálfara. Búðirnar halda áfram að stækka og dafna og hugmyndir eru uppi að efla þær enn frekar á næsta ári.

Þá má geta þess að talsvert hefur verið um helgarleigu undanfarið þar sem félög koma og æfa í húsinu okkar. Það er nefnilega farið að spyrjast út hversu veglegt og vel tækjum húsið okkar er búið, fyrir utan hversu gott það er að koma í það umhverfi sem við þekkjum öll hér í sveit. Þetta eykur tekjur íþróttahússins þá lausu tíma sem húsið er ekki nýtt í okkar öflugum starf.



## Listrými - Myndlist fyrir alla

Myndlistarnámskeið Listrýmis í Listasafni Árneseinga hófust haustið 2015 og hafa verið í stöðugri þróun til að koma til móts við óskir og þarfir samfélagsins á Suðurlandi. Markmiðið er að bjóða upp á námskeið í hinum ýmsu greinum myndlistar, í heimabyggð og fyrir alla.

Á dagskrá Listrýmis veturinn 2017-18 eru fjölbreytt námskeið í teikningu, málun, mótun, tækniaðferðum og hugmyndaþróun. Flest námskeiðin í vetur eru í formi helgarnámskeiða þar sem fólk hefur tækifæri til að kynnst og kafa í viðfangsefnið yfir heila helgi. Kennst er í Listasafni Árneseinga í Hveragerði þar sem aðstaðan til sköpunar er góð, auk þess sem bækurnar og sýningarnar á safninu gefa möguleika á nánari tengslum við listaverk og sögu.

Öll heimili í Árnessýslu og Rangárvallasýslum ættu nú að vera búin að fá nýja bækling Listrýmis í hús en honum er dreift nú í vikunni.

**Námskeiðin sem boðið er upp á í vetur eru: Myndin í huganum - Teiknun og málun, Litir og flæði - Vatnslitamálun 1, Málverk og sköpun - Blönduð tækni, Masterclass - Olíumálun, tækni og aðferðir, Anatómía og módel - Teiknun og málun, Kafað í djúpið - Vatnslitamálun 2, Mótun – Lágmyndagerð og Litir og form - Olíumálun.** Einnig er vilji fyrir því að auka við námskeiðsúrvalið, líka fyrir börn og eru allar hugmyndir vel þegnar í því sambandi.

Leiðbeinendur Listrýmis eru allir búsettir á Suðurlandi en það eru þau Dagný Guðmundsdóttir, Guðrún Tryggvadóttir, Jakob Veigar Sigurðsson og Mýrmann. Verkefnisstjóri Listrýmis er Guðrún Tryggvadóttir myndlistarmaður, sem hefur langa reynslu af námskeiðahaldi á sviði myndlistar. Verkefnið er styrkt af Uppbyggingasjóði Suðurlands.

## Gámasvæðið Flúðum

Búið er að setja upp hlið við innkeyrsluna á Gámasvæðið á Flúðum.

Til að byrja með verður hliðið opið milli klukkan 8 á morgnanna og 22.00 á kvöldin, alla daga vikunnar. Nánari tímatakmarkanir verða auglýstar síðar, á heimasíðu hreppsins og í Pésa.



# BRIDGE FRÉTTIR

Vetrar starfið byrjaði þann 3. október með tveggja kvölda upphitunnar tvímenningi.

Þann 17 október tekur við fjögurra kvölda hausttvímenningur, svo tekur við tveggja kvölda einmenningur svo verður hressandi tveggja kvölda hraðsveitakeppni og síðasta kvöldið fyrir jól verður topp 16. Þess má svo geta að núna seinna í október verður klúbburinn 50 ára og af því tilefni höldum við veglegt afmælimót þann 11 nóvember og vil ég þakka fyrir mjög jákvæð viðbrögð allra í okkar garð til að geta haldið mótið, sér í lagi Límtrévirnet og Hrunamannahrepp.



Vil ég að lokum nefna að ef að sé áhugi að læra bridge eða koma og spila hjá okkur endilega hafið samband við mig í síma 8980370 eða á pósthfangið

[stresskow@hotmail.com](mailto:stresskow@hotmail.com)

Stebbi

## FRÁ FÉLAGI ELÐRI HRUNAMANNA

Opið hús verður í Félagsheimilinu  
miðvikudaginn 18. október kl.14.

Með bestu kveðju,  
stjórnin

## Kjörskrá!

Kjörskrá fyrir sveitarfélagið Hrunamannahrepp vegna Alþingiskosninga 28. október 2017, liggur frammi á skrifstofu Hrunamannahrepps frá 18. október til 27. október á opnunartíma skrifstofunnar, kl: 09:00-12:00 og 13:00-16:00, föstudaga frá kl: 09:00-12:00.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps.

## Kjörfundur!

Kjörfundur fyrir sveitarfélagið Hrunamannahrepp vegna Alþingiskosninga 28. október 2017 verður haldinn í Félagsheimili Hrunamanna þann 28. október 2017 frá kl: 10:00 – 22:00.

Kjörstjórn Hrunamannahrepps.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla fer fram á Skrifstofu Hrunamannahrepps frá 9. október til 27. október frá kl: 13:00-16:00.